

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 3. maí 2024

- Fundargerð -

Ársfundur Stapa var haldinn í Menningarhúsinu Hofi miðvikudaginn 2. maí 2024 og hófst hann klukkan 14:00. Á fundinn mættu 94 einstaklingar fyrir utan starfs- og tæknifólk. Mættir voru 74 fulltrúar aðildarféлага og 10 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum. Þá mættu einnig 10 almennir sjóðfélagar á fundinn.

Guðný Hrund Karlsdóttir, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Formaður gerði tillögu um Aðalstein Árna Baldursson sem fundarstjóra og Einar Ingimundarson sem fundarritara og var sú tillaga samþykkt.

Nýkjörinn fundarstjóri kom þessu næst í pontu, þakkaði traustið fyrir sína hönd og undirritaðs fundarritara. Því næst fór hann yfir lögmati og boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um þá þætti. Engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmætur.

Kynnti fundarstjóri því næst dagskrána sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Breytingar á samþykktum
6. Stjórnarkjóri lýst
7. Kosning löggilts endurskoðanda
8. Starfskjarastefna
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
11. Önnur mál

Eftir að hafa kynnt dagskrána bauð fundarstjóri stjórnarformann velkominn í pontu til af fara yfir skýrslu stjórnar.

## 2.a. Skýrsla stjórnar

Guðný Hrund Karlsdóttir formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins árið 2023.

Í ávarpi sínu vakti stjórnarformaður athygli á sérstöðu réttindakerfis Stapa og hvernig það hefði sannað gildi sitt á undanförunum misserum. Þá vék hann að sveigjanleka í töku eftirlauna og hvernig sjóðfélagar nýta hann í síauknum mæli. Varðandi rekstur sjóðsins benti stjórnarformaður á að rekstrarkostnaður jókst um innan við 1% á árinu og kostnaðarhlutfall hans er sambærilegt við sjóði sem eru töluvert stærri en Stapi. Í ávarpi sínu fjallaði stjórnarformaður einnig um langtímahugsun og þá ábyrgu framkvæmd fjárfestingarstefnu sem hún felur í sér og að komum vék hann stuttlega að þróun tilgreindar séreignardeildar.

Í skýrslunni kom fram að á starfsárinu fundaði stjórn Stapa 13 sinnum, þar af einu sinni á sérstökum vinnufundi vegna mótunar fjárfestingarstefnu.

Að lokinni yfirferð sinni flutti stjórnarformaður, fyrir hönd stjórnar, sjóðfélögum, starfsfólki og öðrum hagaðilum bestu þakkir fyrir gott starf og ánægjulegt samstarf á tímabilinu.

## 2.b. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson framkvæmdastjóri steig næstur í pontu og kynnti ársreikning Stapa og gerði grein fyrir helstu tölum hans. Áður en Jóhann hóf yfirferð sína gat hann þess að ársskýrsla sjóðsins væri ekki gefin út á pappírformi nú frekar en síðustu ár heldur einungis rafrænt á sérstökum ársskýrsluvef. Framkvæmdastjóri gerði sérstaka grein fyrir eftirfarandi lykiltölum úr ársreikningi:

- Iðgjöld ársins 2023 voru 19.021 milljónir króna.
- Greiddur lífeyrir nam 11.121 milljónum króna á árinu.
- Fjárfestingartekjur ársins voru 22.478 milljónir króna.
- Rekstrarkostnaður nam 551 milljónum króna.
- Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2023 var 379.238 milljónir króna og hækkaði um 29.827 m.kr milli ára.
- Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust með eftirfarandi hætti:
  - Eignahlutir í félögum og sjóðum voru 221.804 milljónir króna.
  - Skuldabréf 149.319 milljónir króna.
  - Bundnar bankainnistæður 229 milljónir króna.
  - Kröfur 2.719 milljónir króna.
  - Ýmsar eignir 280 milljónir króna.
  - Handbært fé 4.957 milljónir króna.
  - Skuldir í árslok voru 71 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka liði ársreiknings og rekstrarþætti, birti samanburð við fyrri ár auk sundurliðunar á helstu þáttum eins og kostnaði og eignasamsetningu. Einnig fór hann ítarlega yfir þróun ávöxtunar sjóðsins, eftir deildum og niður á leiðir séreignardeildar.

## 2.c. Tryggingafræðilegt mat

Framkvæmdastjóri kynnti þessu næst tryggingafræðilegt mat, sem unnið var af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi, og fór yfir forsendur og aðferðarfræði að baki því. Niðurstaða matsins er sú að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 2,5%.

Þessu næst fór framkvæmdastjóri stuttlega yfir önnur helstu verkefni fram undan í starfsemi Stapa.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust. Hann gat þess að reikningurinn væri lagður fram til kynningar og umræðu ekki til eiginlegrar samþykktar líkt áður tíðkaðist.

Nokkrar spurningar og vangaveltur voru bornar upp af fundarmönnum og svaraði framkvæmdastjóri þeim eða veitti nánari skýringar.

Fyrsta spurning sneri að svokölluðum vaxtastuðningi sem er einskiptis stuðningsaðgerð af hálfu ríkisins og þáttur í innleggi ríkisins í kjarasamninga sem gerðir voru fyrr í vor. Margir lánveitendur, þ.m.t.

Lífeyrissjóðir, hafa bent á í sambandi við umræddan vaxtastuðning að fyrirhuguð útfærsla hans er bæði flókin og kostnaðarsöm fyrir lánveitendur og því hafa þeir lagt til við ríkið að stuðningurinn verði útfærður með einfaldari hætti, svipað og hefðbundnar vaxtabætur. Einn fundarmaður spurði út í afstöðu Stapa til útfærslunnar og hvort Stapi væri í stakk búinn til að vinna málið m.v. útfærslu ríkisins. Framkvæmdastjóri svaraði því að hann væri sammála því að fyrirhuguð útfærsla væri óþarflega flókin og kostnaðarsöm í hlutfalli við heildarumfang málsins. Hins vegar væri Stapi fyllilega tilbúinn í að leysa málið óháð því hvaða leið verður farin varðandi útfærslu.

Næsta spurning sneri að því hvernig staðið væri að lífeyrissgreiðslum til lífeyrisþega sem búsettir eru erlendis. Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs svaraði spurningunni á þá leið að sjóðfélagar sem ekki væru með íslenska bankareikninga fengju greitt inn á erlenda reikninga óski þeir þess en sjóðfélagar sem eiga reikning í íslenskum banka fái almennt greitt inn á þá reikninga. Jóna Finndís gat þess sérstaklega Stapi hefði verið fyrstur íslenskra lífeyrissjóða til að greiða inn á á erlenda reikninga og sumir lífeyrissjóðir væru ekki enn farnir að bjóða upp á þann möguleika. út í

Einn fundarmaður bar upp spurningu um ástæður þess að svo margir hófu lífeyristöku strax við 60 ára aldur á síðasta ári samanborið við 2019-2021 líkt og fram kemur á glæru 19 í kynningu. Jóna Finndís forstöðumaður réttindasviðs svaraði spurningunni og taldi heldu skýringuna vera að annar lífeyrissjóður (LIVE) sem áður heimilaði ekki lífeyristöku fyrr en við 65 ára aldur hóf að leyfa hana frá 60 ára aldri og þar sem margir sjóðfélaga eiga réttindi í mörgum sjóðum getur slík breyting haft áhrif hjá mörgum sjóðum. Hún tók sem dæmi ef sjóðfélagi ætti megnið af lífeyrissréttindum sínum hjá LIVE hefið hann áður ekki getað sótt um þar fyrr en 65 ára en gæti nú sótt um 60 ára og flestir létu „aðalsjóðinn“ áframsenda umsóknir til annarra sjóða líkt og Stapa í þess dæmi.

Fundarstjóri, Aðalsteinn Árni, fylgdi eftir spurningu um greiðslur til sjóðfélaga sem búsettir eru erlendis og fékk nánari skýringar á ákveðnum atriðum. Þá spurði fundarstjóri einnig út í það hvernig sjóðurinn stæði að markaðssetningu á séreignarsparnaði en áður hafði komið fram að erlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar hafa sótt í sig veðrið síðustu ár og stundað markaðsstarf sem samrýmst illa þeim viðmiðunum sem Stapi vinnur eftir. Framkvæmdastjóri svaraði spurningum og skýrði málin nánar. Að lokum spurði fundarstjóri út stöðu vanskila og svaraði framkvæmdastjóri þeirri spurningu einnig.

Að loknum umræðum um þennan lið bauð fundarstjóri Óla Þór Birgisson forstöðumann eignastýringar (til hægðarauka kallaður fjárfestingastjóri hér eftir) velkominn í pontu til að fara yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins.

### 3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Í kynningu sinni fór fjárfestingastjóri yfir ávöxtun sjóðsins á árinu 2023 og fjallaði um eignaflokka sem og þróun eignasafns sjóðsins undanfarin ár. Þá yfirfór hann einnig forsendur fjárfestingarstefnu, þar á meðal fjárfestingarmarkmið sem og fjárfestingarheimildir ársins.

Í ljósi þess að nokkuð er liðið á árið 2024 gerði hann einnig grein fyrir ávöxtun og þróun eignasamsetningar fyrstu fjóra mánuði þessa árs. Eftir afar erfitt ár 2022 varð góður viðsnúningur á árinu 2023 og var nafnávöxtun ársins jákvæð 7,6%. Þá hefur ávöxtun fyrstu fjóra mánuði 2024 verði jákvæð um 3%. Vegna mikillar verðbólgu var raunávöxtun síðasta árs þó neikvæð um 1,7%.

Að lokinni kynningu á fjárfestingarstefnu gaf fundarstjóri orðið laust um fjárfestingarstefna. Engar spurningar bárust úr sal og var því farið í næsta dagskrárlíð.

#### 4. Hluthafastefna sjóðsins

Þessu næst gerði framkvæmdastjóri stuttlega grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins og framkvæmd hennar. Núgildandi stefna var samþykkt í stjórn Stapa í nóvember 2021 en Stapi setti sér fyrst hluthafastefnu árið 2015. Hluthafastefnan tilgreinir hvernig sjóðurinn hagar sér sem hluthafi í þeim félögum sem fjárfest hefur verið í. Í yfirferð sinni gerði framkvæmdastjóri sérstaklega grein fyrir uppfærslu stefnunnar á árinu 2023 sem fólst í innleiðingu á stefnum og ferlum sem tengjast sjálfbærni og næstu skrefum sem fyrirhuguð eru í þróun stefnunnar.

Að lokinni yfirferð á hluthafastefnu var opnað fyrir spurningar á ný en engar bárust.

#### 5. Breytingar á samþykktum

Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs, fór þessu næst yfir tvær tillögur til breytinga á samþykktum Stapa. Um er að ræða breytingar á greinum 19.4 og 19.6.a. og eru þær ekki stórvægilegar. Markmið þeirra er að samræma forsendur um viðmiðunartímabil viðmiðunartekna tekjuathugunar vegna örorkulífeyris (19.4) annars vegar og hins vegar að samræma forsendur um viðmiðunartímabil framreikningsiðgjalds vegna framreiknings við ákvörðun örorkulífeyris (19.6.a.).

Að lokinni greinargóðri yfirferð Jónu Finndísar gaf fundastjóri orðið laust um tillögurnar og bárust engar athugasemdir. Bar hann þær því næst undir atkvæði fundarins og voru báðar samþykktar samhljóða.

#### 6. Skipan stjórnar

Fundarstjóri gerði næst grein fyrir niðurstöðu vals fulltrúaráðs á stjórnarmönnum Stapa og varamönnum fyrir næsta starfsár.

Stjórn Stapa 2024-2025 er þannig skipuð:

##### Frá atvinnurekendum

- Elín Hjálmsdóttir (kosin til 2026)
- Valdimar Halldórsson (kosinn til 2025)
- Kristinn Kristófersson (kosinn til 2025)
- Elsa Björg Pétursdóttir (kosin til 2025)

##### Frá launþegum

- Guðný Hrund Karlsdóttir (kosin til 2026)
- Þórarinn Sverrisson (kosinn til 2026)
- Björn Snæbjörnsson (kosinn til 2025)
- Sigríður Dóra Sverrisdóttir (kosin til 2025)

Varamenn í stjórn Stapa eru eftirtaldir:

#### Frá atvinnurekendum

- Páll Snorrason, Garðabæ (kosinn til 2024)
- Guðrún Ingólfssdóttir, Höfn (kosin til 2025)

#### Frá launþegum

- Ásdís Helga Jóhannsdóttir (kosin til 2024)
- Heimir Kristinsson (kosinn til 2025)

### 7. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrtæki sjóðsins á árinu 2024. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

### 8. Starfskjarastefna

Jóhann Steinar, framkvæmdastjóri, kynnti starfskjarastefnu Stapa fyrir ársfundinum. Stefnan er lítillega breytt frá fyrra ári til að undirstrika áherslu sjóðsins á sjálfbærni í starfsemi sinni.

Að lokinni kynningu framkvæmdastjóra á starfskjarastefnu Stapa var orðið gefið laust en engar athugasemdir bárust og var stefnan að því búnu samþykkt.

### 9. Laun stjórnar og nefnda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu nefndar um laun stjórnar fyrir næsta starfsár. Tillaga nefndarinnar er að stjórnar- og nefndarlaun Stapa hækki um 3,25% í stað þess að miða við launavísitölu sl. 12 mánaða (6,8%) líkt og tillögur nefndarinnar hafa miðað við frá því að nefndinni var komið á fót.

Í rökstuðningi sínum bendir nefndi á að í nýlegum kjarasamningum ASÍ og SA var samið um 3,25% hækkun launa. Markmið samninganna var m.a. að tryggja jarðveg fyrir lækkun vaxta og verðbólgu. Samningsaðilar hafa lýst yfir að verkefninu sé ekki lokið og mikilvægt sé að enginn skorist undan ábyrgð. Með tillögunni sé því ákalli svarað.

Miðað við framangreinda tillögu verði laun stjórnarmanna eftirfarandi:

- Laun stjórnarmanns: 91.045 kr. pr. mán og 60.696 kr. fyrir mætingu á fund.
- Formaður stjórnar: 182.090 kr. pr. mán og 121.393 kr. fyrir mætingu á fund.
- Varaformaður stjórnar: 136.566 kr. pr. mán og 91.045 kr. fyrir mætingu á fund.
- Varamaður í stjórn: 75.870 kr. pr. mætingu á fund.

Þá verði laun nefndarmanna eftirfarandi:

- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 57.023 kr. á mánuði.
- Formaður endurskoðunarnefndar 114.046 kr. á mánuði.
- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 151.739 kr. fyrir starfsárið.
- Formaður nefndar um laun stjórnar 227.610 kr. fyrir starfsárið.

Eftir að fundarstjóri hafði kynnt tillöguna gaf hann orðið laust um hana og bárust engar athugasemdir og hún því samþykkt.

## 10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar.

Kynnt var tillaga að skipan fjögurra manna nefndar um laun stjórnar starfsárið 2024 - 2025. Tillagan gerir ráð fyrir að frá launagreiðendum komi næsti stjórnarformaður Stapa og Borghildur Rúnarsdóttir en frá launþegum komi Ósk Helgadóttir og Tryggvi Jóhannsson. Engar aðrar tillögur hafa komið fram og er því sjálfkjörið í nefndina.

## 11. Önnur mál

Fundarstjóri gat þess að engar tillögur eða mál hafi verið lögð fram til að ræða undir þessum lið en hann gaf orðið laust ef einhver fundarmann vildi bera upp erindi eða koma einhverjum athugasemdum á framfæri við fundinn.

Þrír fundarmenn báru þá upp erindi

- Fundarmaður sem kvaðst heita Úlfhildur spurði út í endurskoðanda sjóðsins og hvenær síðast hefði verið skipt um hann. Úlfhildur áréttaði jafnframt mikilvægi þess að skipta reglulega um endurskoðendur og bjóða út verkið. Jóhann Steinar svaraði og kvað núverandi endurskoðanda hafa starfað fyrir sjóðinn í 4 ár og að hann væri vel meðvitaður um mikilvægi þess að skipta reglulega um endurskoðendur og að endurskoðun yrði væntanlega boðin út innan fárra ára.
- Árni Pétur Árnason spurði þessu næst hvort Stapi byggji yfir upplýsingum um það hver stórt hlutfall sjóðfélaga sé á leigumarkaði og hve stórt hlutfall búi í eigin húsnæði. Jóhann Steinar framkvæmdastjóri kvað sjóðinn ekki búa yfir slíkum upplýsingum.
- Að lokum velti Guðmundur Baldvin Guðmundsson því upp hvort ekki væri ástæða til að fjölga erlendum sjóðfélögum í fulltrúaráði sjóðsins í ljóðs þess hve hátt hlutfall sjóðafélaga eru erlendir ríkisborgarar. Jóhann Steinar framkvæmdastjóri kvaðst sammála því að rétt væri að stefna í þá átt en áréttaði einnig að val á fulltrúum er í höndum aðildarfélag sjóðsins.

Fleiri athugasemdir bárust ekki og fundarstjóri þakkaði starfsmönnum Stapa því næst fyrir vel unnin störf í þágu sjóðfélaga og bar því að lokum upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það.

Að því búnu tók fráfarandi formaður stjórnar aftur til máls, þakkaði fundargestum fyrir komuna og góðan fund og sleit fundi um kl. 15:45.

Fundarstjóri:

Aðalsteinn Árni Baldursson

Fundarritari:

Einar Ingimundarson

# Undirritunarsíða

Fundarritari  
Einar Ingimundarson

Fundarstjóri  
Aðalsteinn Árni Baldursson